

Ólafsdalsfélagið
b. t. Rögnvalds Guðmundssonar

Ályktun frá VÍN, vinum íslenskrar náttúru um minjavernd í Ólafsdal í Dalabyggð

Selfossi 9. maí 2023

Vinir íslenskrar náttúru (VÍN) sem eru samtök vísinda- og fræðafólks, náttúruverndarfólks og fulltrúa helstu náttúruverndarsamtaka landsins hafa kynnt sér áform um minjavernd í Ólafsdal í Dalabyggð. Dalurinn, sem er sérstæð heild, afmarkast á þrjá vegu af 400–500 m háum fjöllum en opnast til norðurs út í Gilsfjörð. Í dalnum eru miklar og sérstæðar minjar frá tíma Bændaskólans í Ólafsdal, sem starfræktur var frá 1880 til 1907, en einnig frá landnámsöld því innarlega í dalnum er skáli sem nýlega hefur verið rannsakaður. Fleiri minjar er þar einnig að finna.

Margir hafa sýnt því áhuga að vernda þessar minjar og gera þær aðgengilegar almenningi. Má þar, nefna Minjavernd, Ólafsdalsfélagið, Fornleifastofnun Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands. Þá vaknar spurningin um hvernig það verði best gert. Minjavernd hefur nú þegar staðið að viðgerð á gamla skólahúsinu og auk þess ráðist í frekari endurgerð á mannvirkjum en einnig verða gerðir stígar um dalinn til að gera fólki auðveldara að skoða minjarnar. Um þetta er allt gott að segja.

Minjavernd hefur auk þessa lagt til að hafin verði skógrækt í dalnum og er nú byrjaður undirbúningur þessa verkefnis. Búið að girða af land, breyta deiliskipulagi og fá viljrði fyrir framkvæmdaleyfi. Rætt hefur verið um að nota að mestu innlendar tegundir, svo sem birki, reynivið og víðitegundir en einnig hefur komið til tals að nota framandi tegundir á borð við greni, lerki og furu.

Við þessar áætlanir gera Vinir íslenskrar náttúru verulegar athugasemdir. Ef ætlunin er að varðveita minjar og búsetulandslag frá tíma búnaðarskólans eða frá landnámsöld er nauðsynlegt að viðhalda sem mest þeirri landnýtingu sem skóp þann gróður og ásynnd sem þá varð til. Skógrækt með framandi tegundum kemur því alls ekki til greina. Þótt eingöngu verði ræktaðar innlendar trjátegundir mun það hafa veruleg áhrif á ásynnd landsins og á framtíðarþróun gróðurs. Skógrækt með innlendum tegundum krefst beitarfriðunar, eða a.m.k. mjög lítillar beitar. Þar munu birki og víðir með tímanum breiðast út og spilla menningarminjum. Algjör beitarfriðun mun einnig breyta gróðri á svæðinu en þekkt er að við beitarfriðun fækkar plöntutegundum verulega. Þá verður ekki séð að unnt sé að varðveita verðmætar vistgerðir nema að viðhalda sem mest þeim aðstæðum sem þarna hafa ríkt um langa tíð. Að okkar mati er því árangursríkast að vernda menningarlandslag og minjar með því að hafa þarna hóflega sauðfjárbætur. Við leggjumst hins vegar ekki gegn því að á valda staði næst gamla skólahúsinu verði ræktuð stök tré af birki og/eða reyniviði sem yrði í samræmi við búsetulandslag 19. og 20. aldar.

Lokaorð:

Vinir íslenskrar náttúru telja að skógrækt með framandi tegundum komi alls ekki til greina ef ætlunin er að vernda búsetulandslag og menningarminjar í Ólafsdal og verði farið í gróðursetningu innlendra tegunda ætti aðeins að gróðursetja einstaka stök tré upp við hús. Verndun þessara minja verður hins vegar helst náð með því að beita landið hóflega með sauðfé.

Fyrir hönd Vina íslenskrar náttúru,

Sveinn Runólfsson, formaður
Jón Gunnar Ottósson, varaformaður.